

FERÐA
MÁLA
STOFA

ICELANDIC
TOURIST
BOARD

Betur vinnur vit en strit – eða hvað?

Greining menntunar í ferðaþjónustunni

Nóvember 2014

KPMG

cutting through complexity



**Mikill og hraður vöxtur
ferðapjónustunnar hefur skapað fjölda
starfa, bæði árstíðabundin störf og
heilsársstörf.**

Stærð greinarinnar

Efnahagsbatinn á Íslandi er borinn uppi af atvinnugreinum í ferðaþjónustu

Stöðug fjölgun ferðamanna, meiri en á heimsvísu

Árstíðasveiflan minnkar



Stærð greinarinnar

Mikil fjölgun fyrirtækja í greininni og í þjónustuframboði

Mikil uppbygging í gistirými


Betri nýting á gistirými

Skapar verðmæti


Skapar störf

Skapar gjaldeyri


Vísit Fjöldi skráðra fyrirtækja og félaga




Framboð og nýting herbergja



Visitala 2000=100



Visitala 2005=100



400 milljarði kr.
Velta

Arinnar

2013

7-7,5%
af VLF

807
Þúsund
ferðamenn

0,2%
Af erlendum
ferðamönnum í
Evrópu

209 makt.
Neysla erlendra
ferðamanna



27% af
Gjaldeyris-
tekjum

6-7%
af vinnuafli

238 þúskr.
Meðalneysla erlendra
ferðamanna

109 makt.
Ferðaneysla
Íslendinga erlendis

300 þúskr.
Meðalneysla
Íslendinga
erlendis



4.gr. 2.tl.

"Þróunar-, gæða- og skipulagsmál ferðapjónustu, þ.e. framkvæmd markaðrar ferðamálastefnu, **samræming umhverfis- og fræðslumála**, miðlun upplýsinga, svæðisbundin þróun og alþjóðlegt samstarf."

"Alþingi ályktar að fela iðnaðarráðherra að stefna að eftirfarandi meginmarkmiðum í ferðamálum á tímabilinu 2011–2020:

- a. að auka arðsemi atvinnugreinarinnar,
- b. að standa að markvissri uppbyggingu áfangastaða, öflugri vörupróun og kynningarstarfi til að skapa tækifæri til að lengja ferðamannatímabilið, minnka árstíðasveiflu og stuðla að betri dreifingu ferðamanna um landið,
- c. **að auka gæði, fagmennsku, öryggi og umhverfisvitund ferðaþjónustunnar,**
- d. að skilgreina og viðhalda sérstöðu Íslands sem áfangastaðar ferðamanna, m.a. með **öflugum greiningar- og rannsóknarstarfi."**

Greining á stöðu menntunarmála fyrir ferðapjónustuna

- Mikilvægt að fá yfirsýn um stöðu menntunarmála fyrir greinina
– Ferðamálastofa gekkst fyrir að láta vinna slíka greiningarvinnu
- Sævar Kristinsson og Ágúst Angantýsson frá KPMG ráðnir til að sjá um framkvæmd
- Ólöf Ýrr Atladóttir ferðamálastjóri tók þátt í vinnunni f.h. Ferðamálastofu
- Greining á fyrirliggjandi gögnum, auk 30 viðtala við aðila innan greinarinnar og menntakerfisins

Helstu niðurstöður

GAP MILLI FJÖLGUNAR FERÐAMANNA OG FAGMENNTAÐRA

Í kjölfar fjölgunar ferðamanna síðustu 5 ár skapast þörf fyrir hröðun í fjölgun fagmenntaðs starfsfólks. Skiljanlega hefur fjölgun fagmenntaðra ekki haldið í við aukinn ferðamannastraum en til lengri tíma litið er nauðsynlegt að fleiri hljóti formlega menntun ef þjónustan á ekki að líða fyrir álag í greininn. Sérstaklega þarf að horfa til fjölgunar fagmenntaðra í hótélstjórnun, framreiðslu, matreiðslu og afþreyingariðnaðinum.

HINDRANIR NÁMSFRAMGÖNGU Í KERFINU

Töluvert framboð er af námi í ferðaþjónustu og er það jafn fjölbreytilegt og greinin sjálf. Hinsvegar er takmörkuð tenging milli námsstiga og takmarkaðir möguleikar til áframhaldi náms að loknum ýmsum námsbrautum. Þörf gæti reynst á að auðvelda aðgengi að námi með því t.a.m. að bjóða upp á styttra nám í iðnmenntun og samræma kröfur sem til náms eru gerðar til þess að nemendur geti fengið nám metið til árangurs alls staðar í námskerfinu.

VANTAR AÐ FYRIRTÆKI SÆKIST EFTIR MENNTUN

Leiðarljós í rekstri allra fyrirtækja er að hámarka framlegð og arðsemi eiganda. Til þess að svo geti orðið er þörf á sérhæfðu starfsfólki sem býr yfir þekkingu að ná fram þessar hámarkun í sínu starfi. Tilhneigingin í meðalfyrirtæki í ferðaþjónustu hefur hinsvegar verið sú að ráða ófaglærða starfsmenn til skamms tíma.

EFLING VAKANS

Miklar vonir eru bundnar við gæðakerfið Vakann og þeirra viðmiða sem í honum felast. Sé vel að því staðið getur slíkt gæðakerfi skapað hvata fyrir fyrirtæki til þess að efla menntun starfsfólks þar sem viðmið í kerfinu krefjast þess.

SKORTUR Á STEFNU OG HEILDARSÝN

Til þess að ná fram samlegð milli námsleiða og samþættingu náms til hagsbóta fyrir greinina í heild er þörf á að skapa heildarsýn. Þörf er á fagraði um menntun í ferðaþjónustunni þar sem helstu hagsmunaaðilar, fræðsluaðilar, stjórnvöld og fyrirtæki, hefðu samráð um málefni greinarinnar til þess að ná þessu fram.

TÖLULEG GÖGN OG RANNSÓKNIR

Mikið hefur verið rætt um skort á tölulegum gögnum og rannsóknum sem tengjast greininni. Tölfræði sem nýtist til mats á stöðu menntunar er þar ekki undanskilin en til þess að styðja frekar við greinina og vinna skipulega að eflingu menntunar er mikilvægt að geta reiknað t.a.m. mannaflapörf o.fl.

- **Vonir bundnar við að áfram verði unnið með niðurstöður skýrslunnar, niðurstöður gagnist inn í yfirstandandi stefnumótunarvinnu og mótuð verði heildarstefna í menntamálum fyrir ferðapjónustuna í samstarfi við menntamálayfirvöld**
- **Vel menntað og þjálfað starfsfólk er ein af grunnstöðunum undir áframhaldandi jákvæða þróun atvinnugreinarinnar**